

104

14. okt.

18. grein.

Hverjum þeim lærisveini, sem hefur staðizt burtfararpróf, skal gefa skriflegt burtfararskírteini, og skal í því tilgreina aðaleinkunn þá, sem hann hefur fengið í prófinu, sem og einkunnir þær, sem hann hefur fengið í hverri einstakri grein. Í burtfararskírteininu skal forstöðumaður gefa einkunn fyrir iðni, en ekki telst sú einkunn með, þegar reiknuð er út aðaleinkunnin. Hann skal einnig lýsa hegðun lærisveinsins. Sá lærisveinn, sem ekki hefur staðizt burtfararpróf, eða ekki gengið undir það, á heimtingu á að fá vottorð forstöðumannsins um veru sína á skólanum.

19. grein.

Forstöðumaður skólans skal semja og senda amtsráðinu skýrslu um skólann á ári hverju, og kemur amtsráðið henni á prent.

*

*

Reglugjörð þessi, er amtsráð Vesturamtsins hefur samið, gildir unz henni með samþykki amtsráðsins verður breytt.

Fyrir hönd amtsráðsins í Vesturamtinu.

Reykjavík, 10. oktbr. 1887.

E. Th. Jónassen.

105

14. sept.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um vangöldin árgjöld af brauðum.

— Samkvæmt brjefi landfógeta dags. 10. p. m. eru ólokin árgjöld þau af brauðum, er nú skal greina.

1. Af Hofsprestakalli í Vopnafirði til 6. júní 1887 . . . kr. 961,00
2. — Valþjófsstaðarprestakalli til 6. júní p. á. . . — 250,00
3. — Saurbæjarprestakalli á Hvalfjarðarströnd til 6. júní p. á. (skuld sjera Jóns Benediktssonar) . . . — 75,00
4. — Staðarprestakalli á Reykjanesi fyrir fardagaárin 1884—85, 1885—86 og 1886—87 . . . — 1200,00
5. — Vatnsfjarðarprestakalli til 6. júní p. á. . . — 150,00
6. — Þingeyraprestakalli til sama tíma . . . — 300,00
7. — Reynistaðarprestakalli til sama tíma . . . — 300,00
8. — Völlum í Svarfáðardal til sama tíma . . . — 650,00
9. — Grundarþingum til sama tíma . . . — 25,00
10. — Saurbæ í Eyjafirði til sama tíma . . . — 500,00
11. — Laufássprestakalli til sama tíma . . . — 1600,00

Jeg skal því með skýrskotun til brjefs míns frá 6. nóvember f. á. þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að gjöra alvarlega gangskör að því, að hlutadeigandi prestar greiði tafarlaust árgjöld þau, sem þeir þannig eru komnir í skuld um, og að því er sjerstaklega snertir prestana að Stað á Reykjanesi, Völlum í Svarfáðardal, Saurbæ í Eyjafirði og Laufási, sem sýnt hafa stórkostlegust vanskil, verð jeg að leggja fyrir yður, ef þeir ekki innan stutts frests, er þjer nákvæmar til takið, greiða landssjóðnum skuld sína, að hlutast þá til um málshöfðun gegn þeim til lúkningar allri skuldinni.

Um það er gjört verður út af þessu brjefi mínu og um svör prestanna, vænti jeg á sínum tíma að fá tilkynningu.